

mundsson, kaupmaður og framkvæmdastjóri í Reykjavík, f. 8. maí 1891, d. 1. ágúst 1979, og k.h. Gunnhildur Árnadóttir, húsfreyja, f. 20. sept. 1898, d. 29. okt. 1990.

Nám: Stúdent frá V.Í. 1981. Cand. oecon. frá H.Í. 1985, þjóðhagskjarna, rafreiknasviði. M.B.A. frá University of Edinburgh í Skotlandi 1995.

Störf: Viðskiptafræðingur í hagdeild Hf. Eimskipafélags Íslands frá júní 1985 til jan. 1986. Forstöðumaður hagdeildar Sparisjóðs Hafnarfjarðar frá febr. 1986 til apríl 1987. Aðstoðarsparisjóðsstjóri Sparisjóðs Hafnarfjarðar frá maí 1987 til apríl 1988, sparisjóðsstjóri frá apríl 1988.

Félags- og trúnaðarstörf: Formaður stjórnar AIESEC 1984-85. Í stjórn Kaupþings hf. Í stjórn Lánastofnunar sparisjóðanna hf., síðar Sparisjóðabanka Íslands hf.

Maki: 28. júní 1986, Hanna Lára Helgadóttir, stúdent frá V.Í. 1982, cand. juris frá H.Í. 1988, héraðsdómslögmaður, f. 22. júlí 1962. For.: Helgi Vilhelm Jónsson, hæstaréttarlögmaður og löggiltur endurskoðandi í Reykjavík, f. 30. maí 1936, og k.h. Ingibjörg Jóhannsdóttir, danskennari og húsfreyja, f. 23. des. 1940.

Börn þeirra: 1) Ingibjörg, f. 3. ágúst 1987. 2) Reynir, f. 8. mars 1991.

Skyldleiki/tengdir: Halla María Helgadóttir (mágkona), Jón Sigurður Helgason (mágur), Marianna Jónasdóttir (fv. mágkona).

Jónas Skúlason f. 28. maí 1963 á Siglufirði.

Faðir: Skúli Jónasson, byggingameistari og síðar bankastarfsmaður í Reykjavík, f. 12. febr. 1926.



For.: Jónas Guðmundsson, bóndi á Eiðsstöðum í Blöndudal, Svínavatnshr., A-Hún., f. 19. jan. 1879, d. 25. sept. 1933, og k.h. Ólöf Bjarnadóttir, húsfreyja, f. 3. ágúst 1884, d. 18. júlí 1957.

Móðir: Guðrún Jónsdóttir, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 6. júní 1930. For.: Jón Eiríksson, sjómaður í Hnífsdal, N-Ís., f. 9. des. 1880, d. 10. maí 1972, og k.h. Arnfríður Kristjánsdóttir, hús-

freyja, f. 10. júlí 1894, d. 6. sept. 1972.

Nám: Stúdent frá V.Í. 1983. Cand. oecon. frá

H.Í. 1988, fyrirtækjakjarna, sölu- og markaðs-sviði. Námskeið hjá The English Language Center í Brighton í Englandi febr.-apríl 1985.

Störf: Starfsmaður hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands sumarið 1987 og hjá Vöku - Helgafelli til 31. des. 1988. Viðskiptafræðingur hjá Pósti og síma frá 1. apríl 1989 og forstöðumaður viðskiptadeildar frá 1. apríl 1989 og síðar markaðsdeildar póstmálasviðs Pósts og síma frá 1992.

Maki: 29. ágúst 1992 (sambúð frá febr. 1988), Unnur Vala Jónsdóttir, stúdent frá M.S. 1984, cand. oecon. frá H.Í. 1988, viðskiptafræðingur hjá skattstjóranum í Reykjavík, f. 24. febr. 1964. For.: Jón Karlsson, málarameisteri í Reykjavík, f. 12. ágúst 1934, og k.h. Dagrún Helga Jóhannsdóttir, leikskólustarfsmaður, f. 29. júní 1941.

Sonur þeirra: Skúli Þór, f. 10. apríl 1991.

Skyldleiki/tengdir: Bent S. Einarsson (mágur), Jónas Blöndal og Jónas Guðmundsson (tvímenn-ingar), Unnur Vala Jónsdóttir (maki).

Jónas Þór Steinarsson f. 2. okt. 1946 í Vestmannaeyjum.

Faðir: Steinar Júlíusson, feldskeri í Reykjavík, f. 28. jan. 1930. For.: Júlíus Þórarinnsson, verkstjóri í Reykjavík, f. 5. júlí 1906, d. 2. júní 1983, og k.h. Sigurragna Jónsdóttir, húsfreyja, f. 25. okt. 1905, d. 20. des. 1995.



Móðir: Guðrún Jónasdóttir, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 17. jan. 1930. For.: Jónas Sigurðsson, skipstjóri í

Vestmannaeyjum, f. 29. mars 1907, d. 4. jan. 1980, og k.h. Guðrún Ingvarsdóttir, húsfreyja, f. 5. mars 1907.

Nám: Stúdent frá M.R. 1966. Cand. oecon. frá H.Í. 1972.

Störf: Kennari við Gagnfræðaskóla Vestmannaeyja 1966-67. Skrifstofustjóri hjá Félagi íslenskra stórkaupmanna frá apríl 1972 til sept. 1977, framkvæmdastjóri þar frá sept. 1977 til júlí 1982. Framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins frá ágúst 1982.

Félags- og trúnaðarstörf: Formaður Íþróttafélags stúdenta 1979-85.

Maki: 9. des. 1972, Þórey Morthens, verslunarmaður, f. 25. okt. 1947. For.: Emanúel Edvardsson Morthens, forstjóri í Reykjavík, f. 14. jan. 1921, og k.h. Þorbjörg Ólafsdóttir Morthens, húsfreyja, f. 13. des. 1926.

Synir þeirra: 1) Guðjón Ragnar, f. 25. maí 1974. 2) Jónas Páll, f. 14. ágúst 1976.

Jónas Þórðarson f. 24. jan. 1970 í Reykjavík.

Faðir: Þórður Jónasson, vélstjóri í Reykjavík, f. 19. maí 1944. For.: Jónas Þórðarson, bóndi á



Smáragrund í Jökuldalshr., N-Múl., og á Þórðarstöðum í Fnjóskadal, Hálshr., S-Þing., síðar vaktmaður á Akureyri, f. 30. sept. 1907, d. 7. ágúst 1987, og k.h. Þórunn Sigurbjörg Sigfúsdóttir, húsfreyja og verkakona, f. 22. mars 1912.

Móðir: Hjördís Bjartmarsdóttir, kennari í

Reykjavík, f. 1. maí 1941. For.: Bjartmar Guðmundsson, bóndi og alþingismaður á Sandi í Aðaldælahr., S-Þing., f. 7. júní 1900, d. 17. jan. 1982, og k.h. Hólmfríður Sigfúsdóttir, húsfreyja, f. 25. júlí 1911.

Nám: Stúdent frá M.A. 1990. Cand. oecon. frá H.Í. 1994, viðskiptaskor, endurskoðunarsviði.

Störf: Viðskiptafræðingur hjá Endurskoðunar-
skrifstofunni hf. 1994-95 og hjá Ríkisendurskoðun frá 1995.

Sambýliskona: 1990, Kolbrún Karólína Kolbeinsdóttir, stúdent frá M.A. 1990, cand. oecon. frá H.Í. 1996, viðskiptafræðingur hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, f. 14. júlí 1970. For.: Kolbeinn Kristinsson, rafvirkjameistari og bóndi á Haukabrekku í Skógarstrandarhr., Snæf., f. 1. júní 1946, og k.h. Gyða Ólöf Guðmundsdóttir, húsfreyja, f. 7. nóv. 1940.

Skyldleiki/tengdir: Kolbrún Karólína Kolbeinsdóttir (sambýliskona).

Jóngeir Hjörvar Hlinason f. 30. ágúst 1955 á Miklahóli í Viðvíkurhr., Skag.

Faðir: Hlini Jónsson, verkamaður á Mýlaugsstöðum í Aðaldælahr., S-Þing., f. 5. jan. 1932, d.



13. júní 1958. For.: Jón Kristjánsson, bóndi á Mýlaugsstöðum í Aðaldal, f. 2. maí 1895, d. 3. nóv. 1949, og k.h. Laufey Hernitsdóttir, húsfreyja, f. 22. febr. 1906, d. 28. mars 1984.

Móðir: Dísá Hermannsdóttir, húsfreyja á Miklahóli í Viðvíkur-

hr., Skag., síðar póstafræðislumaður í Reykjavík, f. 21. júní 1932. For.: Hermann Sveinsson, bóndi og smiður á Miklahóli í Viðvíkursveit, f. 20. nóv. 1893, d. 8. jan. 1968, og k.h. Jónína Guðbjörg Jónsdóttir, húsfreyja, f. 16. apríl 1897, d. 16. maí 1972.

Nám: Stúdent frá M.R. 1976. Nám í viðskiptafræði við H.Í. 1976-78. B.S. í rekstrarhagfræði (företagsekonomi) frá Gautaborgarháskóla í des 1983. Framhaldsnám í hagfræði við sama háskóla til ársloka 1984.

Störf: Hagfræðingur hjá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna í Reykjavík frá mars 1985 og framkvæmdastjóri þess frá ársbyrjun 1994.

Félags- og trúnaðarstörf: Í stjórn Félags viðskiptafræðinema 1977-78. Í stjórn Félags ungra framsóknarmanna í Reykjavík 1978-79. Varaformaður Sænsk-íslenska félagsins í Gautaborg 1981-85. Í stjórn Félags ungra framsóknarmanna í Hafnarfirði 1988-91. Í siðanefnd Bláðamannafélags Íslands 1990. Gjaldkeri fulltrúaráðs framsóknarfélaganna í Hafnarfirði 1991-94. Formaður Framsóknarfélags Hafnarfjarðar frá 1993 og í stjórn kjördæmissambands framsóknarmanna í Reykjaneskjördæmi frá 1993. Í ráðgjafanefnd Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins frá 1985. Varamaður í stjórn Vinnueftirlits ríkisins frá 1986, aðalmaður þar frá 1994. Í kjararannsóknanefnd frá 1994. Í landsnefnd um Ár fjölskyldunnar 1994.

Maki: 27. des. 1980, Soffía Ólafsdóttir Melsted, verslunarpróf 1978, húsfreyja, f. 27. mars 1960. For.: Ólafur Hörður Sigtryggsson, plötu- og ketilsmiður í Hafnarfirði, f. 17. mars 1934, og k.h. (skildu) Þórunn Haraldsdóttir Melsted, húsfreyja í Reykjavík, f. 7. febr. 1934.

Synir þeirra: 1) Hlini Melsted, f. 18. ágúst 1980. 2) Þór Melsted, f. 29. apríl 1982. 3) Freyr Melsted, f. 3. apríl 1995.